

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulags fyrir aðkomu, Fáskrúðsfjörður vestur – Ósinn, Fjarðabyggð.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 21. desember 2010 deiliskipulag fyrir aðkomu, Fáskrúðsfjörður vestur – Ósinn.

Tillagan var samþykkt samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir verið send umsögn sveitarstjórnar. Deiliskipulagið var samþykkt með þeirri breytingu að vegstæði var fært að nýrri göngubrú yfir Ytri-Skjólgsá og gert er ráð fyrir stærri hólma í Ósnum.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá mannvirkja- og umhverfissviði Fjarðabyggðar. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, samanber 8. gr. skipulags- og byggingarlaga. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 27. janúar 2011,

Páll B. Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2011